

Matfugl ehf
Völuteigi 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 17.10.2022
UST202203-009/G.S.O.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 30. ágúst 2022 þar sem fram kom að eitt frávik hefði verið skráð í eftirliti stofnunarinnar í Matfugl að Hurðarbaki. Þann 14. október barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft frá hverju eldishúsi skal mæld og ekki vera meiri en 0,08 kg ammóníak/fuglastæði á ári. **Samkvæmt úrbótaáætlun hefur rekstraraðili hafið vinnu við það að endurtaka mælingar á raun magni köfnunarefnis í kjúklingaskít sem fellur til í eldishúsunum. Útstreymi ammóníaks verður reiknað út frá niðurstöðum þeirra mælinga. Miðað verður við útreikninga samkvæmt BAT.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur